

**Til bæjarráðs**

Kópavogi, 16. ágúst 2021

2105658/999.00 ABS

Efni: Tillaga um áætlun og forgangsöröðun nýrra leikskólabygginga í Kópavogi.

Undanfarin ár hafa leikskólar í Kópavogi innritað börn sem eru 14 mánaða og eldri, þ.e. börn sem eru fædd í júní árið á undan. Á komandi skólaári er hinsvegar ljóst að aðeins er unnt að bjóða 15 mánaða börnum og eldri dvöl á leikskóla.


Fyrir liggur að miðað við núverandi fjölda barna á leikskólaaldri hefur skapast aukin þörf fyrir leikskólarými á næstu árum. Undanfarin ár hafa árgangar yngstu barna farið stækkandi og er 2020 árgangur sá stærsti síðan 2010 og útlit er fyrir að 2021 árgangur geti orðið sá stærsti hingað til. Í það minnsta er fjöldi fæddra barna í janúar til júní á árinu 2021 orðinn sá hæsti þegar horft er til fæddra barna á sama tímabili frá árinu 2005.

Eins og staðan er í dag er mest vöntun leikskólarýma í vesturbæ Kópavogs. Á komandi skólaári er einungis hægt að bjóða börnum fæddum í lok júlí 2019 og eldri dvöl í Urðarhóli. Aðrir leikskólar í hverfinu geta tekið við börnum fæddum í lok desember 2019. Börn á Kársnesinu, sem fædd eru á tímabilinu janúar-maí 2020 hafa fengið boð um dvöl í leikskólum í öðrum hverfum.

Fjöldi barna eftir árgöngum með lögheimili í hverju skólahverfi skv. þjóðskrá:

	Álfhóls-skóli	Hörðuvalla-skóli	Kársnes-skóli	Kópavogs-skóli	Linda-skóli	Sala-skóli	Smára-skóli	Snælands-skóli	Vatnsenda-skóli	Utan skólahverfis	Samtals
2021 (jan-jún)	35	45	44	29	28	28	34	20	24		287
2021 Spá	70	90	88	58	56	56	68	40	48		574
2020	84	94	75	42	43	39	60	38	50	1	526
2019	65	97	81	41	40	39	48	35	42	2	490
2018	64	91	58	43	36	35	43	33	58	2	463
2017	58	63	78	35	53	26	51	35	50	1	450
2016	63	97	70	31	48	47	33	29	53		471
2015	57	85	60	46	46	46	38	33	49		460

Stærð árganga og „fjöldi jan-jún“



Á komandi árum er einnig gert ráð fyrir fjölgun íbúða og þar með fjölgun íbúa. Þróun síðustu ára á þéttingarreitum hefur þó verið sú að hlutfall barna hefur verið lægra þar en almennt er



og því mögulegt að sú þróun haldi áfram. Að því sögðu er þó gert ráð fyrir fjölgun barna samhliða fjölgun íbúða, en fjöldi barna getur verið breytilegur eftir hverfum.

Til þess að bregðast við fjölgun barna, bæði vegna stækkandi árganga og fjölgunar íbúða með tilheyrandi fjölgun barna, og einnig til þess að vinna að því markmiði að innrita yngri börn á leikskóla (með það að markmiði að innrita börn allt að 12 mánaða gömul), er nauðsynlegt að fjölga leikskólarymum.

Auk þess er nauðsynlegt að bregðast við ástandi á húsnæði leikskólaeiningarinnar við Skólatröð, sem rekin er sem ein deild leikskólans Urðarhóls. Húsnæðið er illa farið og svarar ekki kostnaði að fara í endurbætur á því. Frá og með hausti munu börn í Skólatröð því fá flutning í húsnæði Undralands við Hábraut.

Með hliðsjón af þarfagreiningu og meðfylgjandi gögnum er lagt til að forgangsroðun nýbygginga leikskóla verði eftirfarandi:

1. Haustið 2021 verði húsið við Skólatröð rífið og hafinn undirbúningur að byggingu nýs fjögurra deilda leikskóla á lóðinni, sem áætlað er að taki til starfa haustið 2023. Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir 30 mkr. fjárheimild, á lið 32 136, sem nýta má til að hefja undirbúning og hönnun nýs leikskóla á lóðinni á þessu ári.
2. Á árinu 2022 verði hafinn undirbúningur að hönnun og byggingu nýs leikskóla á Glaðheimasvæði samanber skipulag, sem áætlað er að taki til starfa á árinu 2024. Óskað verður eftir fjárheimild við gerð fjárhagsáætlunar 2022 til að hefja undirbúning.

Að auki er stefnt að því að nýta lausar stofur sem losna þegar Kársnesskóli við Skólagerði teki til starfa. Menntasvið og umhverfissvið munu vinna að því að meta hvaða leikskólalóðir eru nægilega stórar til að geta tekið við lausum stofum til stækkunar leikskóla. Jafnframt verður skoðað hvort nýta megi umræddar lausar stofur til að koma þeim fyrir á lóðum sem ætlaðar eru fyrir leikskóla samkvæmt aðalskipulagi. Í því samhengi er sérstaklega horft til leikskólalóða í Fossvogi og við Naustavör.

Tekið skal fram að tillögur og þarfagreining taka mið af því að fjögurra deilda leikskóli, fyrir um 80 börn, í nýju húsnæði Kársnesskóla við Skólagerði, muni taka til starfa 2023.

Tillögurnar eru lagðar fram með þeim fyrirvara að endurmeta þarf þarfagreiningu reglulega með hliðsjón af íbúðapróun og endurskoða ákvarðanir í samræmi.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri menntasviðs



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

